AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 6. maí 2003 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins (EB) nr. 415/2003 frá 27. febrúar 2003, um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, þ.m.t. útgáfa slíkra vegabréfsáritana til handa sjómönnum í gegnumferð, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 6. maí 2003.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 30. maí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 415/2003 frá 27. febrúar 2003 um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, þ.m.t. útgáfa slíkra vegabréfsáritana til handa sjómönnum í gegnumferð.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR, með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum ii-lið b-liðar 2. mgr. 62. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði konungsríkisins Spánar[1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins[2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skýra þarf og uppfæra reglur um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum til handa sjómönnum í gegnumferð, einkum þannig að heimilað verði að gefa út hópvegabréfsáritanir til gegnumferðar á landamærum fyrir sjómenn með sama ríkisfang sem ferðast í hópi svo fremi að gegnumferðartími sé takmarkaður.
2) Af þessum sökum er nauðsynlegt að reglurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, komi í stað reglnanna í ákvörðun framkvæmdanefndar Schengen frá 19. desember

[1] Stjtíð. EB C 139, 12.6.2002, bls. 6.
[2] Álit frá 11. febrúar 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

COUNCIL REGULATION (EC) No 415/2003 of 27 February 2003 on the issue of visas at the border, including the issue of such visas to seamen in transit

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION, Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 62, point (2)(b)(ii), thereof,

Having regard to the initiative of the Kingdom of Spain[1],

Having regard to the opinion of the European Parliament[2],

Whereas:

(1) The rules for issuing visas at the border to seamen in transit need to be clarified and updated, in particular to allow group transit visas to be issued at the border to seamen who are of the same nationality and are travelling in a group, as long as the period of transit is limited.

(2) It is therefore necessary to replace the rules contained in the Schengen Executive Committee Decision of 19 December 1996 on issuing visas to seamen in transit (SCH/

[1] OJ C 139, 12.6.2002, p. 6.
[2] Opinion of 11 February 2003 (not yet published in the Official Journal).

1996 um útgáfu vegabréfsáritana til handa sjómönnum í gegnumferð (SCH/Com-ex (96) 27)[3]. Til glöggvunar ber að sameina þessar reglur almennu reglunum í ákvörðun framkvæmdanefndar Schengen frá 26. apríl 1994 um útgáfu samræmdra vegabréfsáritana á landamærum (SCH/Com-ex (94) 2)[4], sem einnig svara til 14. viðauka við sameiginlegu handbókina[5]. Því er rétt að fella áðurnefndar ákvarðanir og viðauka úr gildi. Einnig ber að breyta sameiginlegu handbókinni og sameiginlegu fyrirmælunum um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa[6] með hliðsjón af þessari reglugerð.

3) Þegar tekin er ákvörðun um fyrirmyndina að lausa blaðinu, sem um getur í I. viðauka og festa á vegabréfsáritun fyrir hópa til gegnumferðar við, skulu aðildarríkin taka tillit til samræmdu fyrirmyndarinnar sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 333/2002 frá 18. febrúar 2002 um fyrirmynd að samræmdu eyðublaði fyrir festingu vegabréfsáritunar sem aðildarríki gefa út til handa einstaklingum með ferðaskilríki sem eru ekki viðurkennd í aðildarríkinu sem gefur út eyðublaðið[7].

4) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessum gerningi, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð um beitingu framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er veitt[8].

5) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggist á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks þriðja hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt reglugerð þessa hvort hún muni taka hana upp í landslög.

[3] Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 182.
[4] Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 163.
[5] Stjtíð. EB C 313, 16.12.2002, bls. 97.
[6] Stjtíð. EB C 313, 16.12.2002, bls. 1.
[7] Stjtíð. EB L 53, 23.2.2002, bls. 4.
[8] Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

Com-ex (96) 27)[3] by the rules set out in this Regulation. In the interests of clarity, these rules should be amalgamated with the general rules contained in Schengen Executive Committee Decision of 26 April 1994 on the issue of uniform visas at the border (SCH/Com-ex (94) 2)[4], which also corresponds to Annex 14 of the Common Manual[5]. The said Decisions and Annex should therefore be repealed. The Common Manual and the Common Consular Instructions on visas for the diplomatic missions and consular posts[6] should also be amended to take into account this Regulation.

(3) When deciding on the format of the separate sheet mentioned in Annex I to which the group transit visa should be affixed, Member States should take into account the uniform format, as set out in Council Regulation (EC) No 333/2002 of 18 February 2002 on a uniform format for forms for affixing the visa issued by Member States to persons holding travel documents not recognised by the Member State drawing up the form[7].

(4) The measures necessary for the implementation of this instrument should be adopted in accordance with Council Decision 1999/468/EC of 28 June 1999 laying down the procedures for the exercise of implementing powers conferred on the Commission[8].

(5) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Regulation, and is not bound by it or subject to its application. Given that this Regulation builds upon the Schengen *acquis* under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this

[3] OJ L 239, 22.9.2000, p. 182.
[4] OJ L 239, 22.9.2000, p. 163.
[5] OJ C 313, 16.12.2002, p. 97.
[6] OJ C 313, 16.12.2002, p. 1.
[7] OJ L 53, 23.2.2002, p. 4.
[8] OJ L 184, 17.7.1999, p. 23.

6) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[9], sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[10].

7) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[11]. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

8) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[12]; Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

9) Þessi reglugerð er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Þrátt fyrir þá almennu reglu að sendiráð og ræðisskrifstofur gefi út vegabréfsáritanir, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985, sem undirritaður var

[9] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
[10] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
[11] Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
[12] Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

Regulation whether it will implement it in its national law.

(6) As regards Iceland and Norway, this Regulation constitutes a development of provisions of the Schengen *acquis* within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*[9], which fall within the area referred to in Article 1, point A, of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[10].

(7) This Regulation constitutes a development of provisions of the Schengen *acquis* in which the United Kingdom does not take part, in accordance with Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen *acquis*[11]; the United Kingdom is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(8) This Regulation constitutes a development of provisions of the Schengen *acquis* in which Ireland does not take part, in accordance with Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen *acquis*[12]; Ireland is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(9) This Regulation constitutes an act building on the Schengen *acquis* or otherwise related to it within the meaning of Article 3(2) of the Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS REGULATION:

Article 1

1. By way of derogation from the general rule that visas shall be issued by diplomatic and consular authorities, in accordance with the provisions of Article 12(1) of the Convention implementing the Schengen Agreement of 14

[9] OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
[10] OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
[11] OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
[12] OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

í Schengen 19. júní 1990[13], hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn", er í undantekningartilvikum heimilt að gefa út vegabréfsáritun á landamærum til handa ríkisborgara þriðja lands þegar hann fer yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) viðkomandi skal uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvæðum a-, c-, d- og e-liða 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins,
b) hann hafði ekki verið í aðstöðu til að sækja um vegabréfsáritun fyrir fram,
c) hann skal leggja fram fylgiskjöl til staðfestingar á ófyrirsjáanlegum og brýnum ástæðum fyrir komu, ef um það er beðið, og
d) öruggt skal vera að hann komist aftur til upprunalandsins eða áfram til þriðja ríkis.

2. Vegabréfsáritun, sem gefin er út á landamærum að uppfylltum skilyrðunum, sem talin eru upp í 1. mgr., getur verið, eftir atvikum, vegabréfsáritun til gegnumferðar (gerð B) eða vegabréfsáritun til ferðalaga (gerð C) í skilningi ákvæða 1. mgr. 11. gr. Schengen-samningsins, og
   a) gildir fyrir öll aðildarríki sem beita ákvæðum 3. kafla II. bálks Schengen-samningsins, eða
   b) hefur takmarkað gildissvæði í skilningi ákvæða 3. mgr. 10. gr. Schengen-samningsins.

   Í báðum tilvikum gildir útgefin vegabréfsáritun ekki fyrir fleiri en eina komu. Þegar um vegabréfsáritanir til ferðalaga er að ræða skal gildistími ekki vera lengri en 15 dagar. Þegar um vegabréfsáritanir til gegnumferðar er að ræða skal gildistími ekki vera lengri en 5 dagar.

3. Ríkisborgari þriðja lands, sem sækir á landamærum um vegabréfsáritun til gegnumferðar, verður að hafa undir höndum nauðsynlegar vegabréfsáritanir til annarra ríkja sem hann hyggst fara um og eru ekki aðildarríki sem beita ákvæðum 3. kafla II. bálks Schengen-samningsins svo og til ríkisins sem er ákvörðunarstaður hans. Með vegabréfsárituninni, sem gefin er út til gegnumferðarinnar, skal heimila beina gegnumferð um yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis eða -ríkja.

[13] Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19.

June 1985, signed at Schengen on 19 June 1990[13], hereinafter referred to as the "Schengen Convention", a third-country national who is required to be in possession of a visa when crossing the external borders of the Member States, may exceptionally be issued with a visa at the border where the following conditions are satisfied:
(a) he or she shall fulfil the conditions laid down by the provisions of Article 5(1)(a), (c), (d) and (e) of the Schengen Convention;
(b) he or she has not been in a position to apply for a visa in advance;
(c) he or she shall submit, if required, supporting documents substantiating unforeseeable and imperative reasons for entry, and
(d) return to his or her country of origin or transit to a third State shall be assured.

2. A visa issued at the border when the conditions described in paragraph 1 are satisfied may, as appropriate, be either a transit visa (type B) or a travel visa (type C) within the meaning of the provisions of Article 11(1) of the Schengen Convention, which
   (a) is valid for all Member States applying the provisions of Title II, Chapter 3, of the Schengen Convention, or
   (b) has limited territorial validity within the meaning of the provisions of Article 10(3) of the Schengen Convention.

   In both cases, the visa issued shall not be valid for more than one entry. The validity of such travel visas shall not exceed 15 days. The validity of such transit visas shall not exceed five days.

3. A third-country national who applies for a transit visa at the border shall be in possession of the visas required to continue his or her journey to States of transit other than Member States applying the provisions of Title II, Chapter 3, of the Schengen Convention, and for the State of destination. The transit visa issued shall allow for direct transit through the territory of the Member State or Member States concerned.

[13] OJ L 239, 22.9.2000, p. 19.

4. Ríkisborgari þriðja lands, sem tilheyrir þeim flokki manna, sem hafa þarf samráð við miðlæg yfirvöld annarra aðildarríkja út af, skal ekki, að meginreglu til, fá útgefna vegabréfsáritun á landamærum.
Þó er heimilt að gefa út vegabréfsáritun á landamærum til handa slíkum mönnum í undantekningartilvikum, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins.

2. gr.

1. Heimilt er að gefa út á landamærum vegabréfsáritun til gegnumferðar til handa sjómanni sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun þegar hann fer yfir ytri landamæri aðildarríkjanna ef:
   a) hann uppfyllir skilyrðin í 1. og 3. mgr. 1. gr., og
   b) hann fer yfir viðkomandi landamæri í þeim tilgangi að fara um borð í skip sem hann er að hefja störf á sem sjómaður eða til að snúa aftur um borð í skip eða fara endanlega frá borði skips sem hann hefur starfað á sem sjómaður.

   Gegnumferðaráritunin skal gefin út í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. og að auki skal koma fram í henni að handhafi sé sjómaður.
2. Sjómenn með sama ríkisfang, sem ferðast saman í 5-50 manna hópi, geta fengið útgefna á landamærum vegabréfsáritun fyrir hópa til gegnumferðar ef allir sjómennirnir í hópnum uppfylla kröfur 1. mgr. hér að framan.
3. Áður en gefin er út vegabréfsáritun á landamærum til handa sjómanni eða -mönnum í gegnumferð skulu lögbær innlend yfirvöld fara að verklagsreglunum sem settar eru fram í I. viðauka.
4. Þegar farið er að þessum verklagsreglum skulu lögbær, innlend yfirvöld aðildarríkjanna skiptast á nauðsynlegum upplýsingum varðandi hlutaðeigandi sjómann eða -menn með tilhlýðilega útfylltu eyðublaði fyrir sjómenn í gegnumferð sem sett er fram í II. viðauka.
5. Ákvæðum I. og II. viðauka skal breytt í samræmi við málsmeðferðarregluna sem um getur í 2. mgr. 3. gr.
6. Þessi grein gildir með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. 1. gr.

4. A third-country national falling within a category of persons for which it is obligatory to consult one or more of the central authorities of other Member States shall not, in principle, be issued with a visa at the border.
Nevertheless, a visa may be issued at the border for such persons in exceptional cases, in accordance with the provisions of Article 5(2) of the Schengen Convention.

Article 2

1. A seaman who is required to be in possession of a visa when crossing the external borders of the Member States may be issued with a transit visa at the border where:

   (a) he fulfils the conditions in Article 1(1) and (3), and
   (b) he is crossing the border in question in order to embark on, re-embark on or disembark from a ship on which he will work or has worked as a seaman.

   The transit visa shall be issued in compliance with the provisions of Article 1(2) and, in addition, shall include a mention that the holder is a seaman.
2. Seamen who are of the same nationality and travelling in a group of between five and 50 individuals may be issued with a group transit visa at the border where the requirements of paragraph 1 above are met in respect of each of the seamen in the group.
3. Before issuing a visa at the border to a seaman or seamen in transit, the competent national authorities shall comply with the operational instructions set out in Annex I.
4. When carrying out these operational instructions, the competent national authorities of the Member States shall exchange the necessary information concerning the seaman or seamen in question by means of a duly completed form for seamen in transit as set out in Annex II.
5. Annexes I and II shall be amended in accordance with the regulatory procedure referred to in Article 3(2).
6. This Article shall apply without prejudice to the provisions of Article 1(4).

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1683/95[14].
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

   Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. gr.

Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á valdsvið aðildarríkjanna að því er tekur til viðurkenningar á ríkjum og yfirráðasvæðum, ásamt vegabréfum, ferðaskilríkjum og persónuskilríkjum sem yfirvöld þeirra gefa út.

5. gr.

1. Eftirfarandi er fellt úr gildi:
   a) ákvörðun framkvæmdanefndar Schengen (SCH/Com-ex (94) 2) frá 26. apríl 1994, og
   b) ákvörðun framkvæmdanefndar Schengen (SCH/Com-ex (96) 27) frá 19. desember 1996.
2. Í stað 5. liðar og liðar 5.1 í II. hluta sameiginlegu handbókarinnar komi eftirfarandi:

   „Reglur um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, þ.m.t. útgáfa slíkra vegabréfsáritana til handa sjómönnum í gegnumferð, er að finna í reglugerð ráðsins (EB) nr. 415/2003 frá 27. febrúar 2003 um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, þ.m.t. útgáfa slíkra vegabréfsáritana til sjómanna í gegnumferð (*) (sjá 14. viðauka).
   (*) Stjtíð. EB L 64, 7.3.2003, bls. 1."
3. Í stað fyrsta málsliðar 14. viðauka komi eftirfarandi:

   „Reglur um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, þ.m.t. útgáfa slíkra vegabréfsáritana til handa sjómönnum í gegnumferð, er að finna í reglugerð ráðsins (EB) nr. 415/2003 eða skulu samþykktar á grundvelli hennar."

[14] Stjtíð. EB L 164, 14.7.1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 334/2002 (Stjtíð. EB L 53, 23.2.2002, bls. 7).

Article 3

1. The Commission shall be assisted by the Committee set up by Article 6 of Regulation (EC) No 1683/95[14].
2. Where reference is made to this paragraph, Articles 5 and 7 of Decision 1999/468/EC shall apply.
   The period laid down in Article 5(6) of Decision 1999/468/EC shall be set at two months.
3. The Committee shall adopt its rules of procedure.

Article 4

This Regulation shall not affect the competence of Member States with regard to the recognition of States and territorial units and passports, travel and identity documents issued by their authorities.

Article 5

1. The following shall be repealed:
   (a) Schengen Executive Committee Decision (SCH/Com-ex (94) 2) of 26 April 1994, and
   (b) Schengen Executive Committee Decision (SCH/Com-ex (96) 27) of 19 December 1996.
2. Point 5 and point 5.1 of Part II of the Common Manual shall be replaced by the following:

   "The rules on issuing visas at the border, including the issue of such visas to seamen in transit, are contained in Council Regulation (EC) No 415/2003 of 27 February 2003 on the issue of visas at the border, including the issue of such visas to seamen in transit (*) (see Annex 14).
   (*) OJ L 64, 7.3.2003, p. 1."
3. The first sentence of Annex 14 shall be replaced by the following:

   "The rules on the issue of visas at the border, including the issue of such visas to seamen in transit, are contained in, or adopted on the basis of, Council Regulation (EC) No 415/2003."

[14] OJ L 164, 14.7.1995, p. 1. Regulation as amended by Regulation (EC) No 334/2002 (OJ L 53, 23.2.2002, p. 7).

Það sem eftir er af 14. viðauka er fellt úr gildi.

4. Eftirfarandi málsliður bætist við í lok liðar 2.1.4 í I. hluta sameiginlegu fyrirmælanna um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa:

„Þrátt fyrir framangreint er heimilt að gefa út vegabréfsáritun fyrir hóp til gegnumferðar til handa sjómönnum í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 415/2003 frá 27. febrúar 2003 um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, þ.m.t. útgáfa slíkra vegabréfsáritana til handa sjómönnum í gegnumferð (*).

(*) Stjtíð. EB L 64, 7.3.2003, bls. 1."

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

M. CHRISOCHOÏDIS
forseti.

The rest of Annex 14 shall be repealed.

4. The following sentence shall be added at the end of point 2.1.4 of Part I of the Common Consular Instructions:

"By way of derogation from the foregoing, group transit visas may be issued to seamen in accordance with the provisions of Council Regulation (EC) No 415/2003 of 27 February 2003 on the issue of visas at the border, including the issue of such visas to seamen in transit (*).

(*) OJ L 64, 7.3.2003, p. 1."

Article 6

This Regulation shall enter into force on the first day of the second month following that of its publication in the Official Journal of the European Union.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 27 February 2003.

For the Council
The President

M. CHRISOCHOÏDIS

I. VIÐAUKI

Verklagsreglur um útgáfu vegabréfsáritana á landamærum til handa sjómönnum í gegnumferð sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun.

Markmið þessara verklagsreglna er að mæla fyrir um tilhögun upplýsingaskipta milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna sem beita Schengen-gerðunum að því er varðar sjómenn í gegnumferð sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun.. Ef vegabréfsáritun er gefin út á landamærum á grundvelli upplýsinga, sem fengist hafa með upplýsingaskiptum, hvílir ábyrgðin á aðildarríkinu sem gaf út vegabréfsáritunina.

Í þessum verklagsreglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Schengen-höfn“: höfn sem markar ytri landamæri aðildarríkis sem beitir Schengen-gerðunum að fullu,

„Schengen-flughöfn“: flughöfn sem markar ytri landamæri aðildarríkis sem beitir Schengen-gerðunum að fullu, og

„Schengen-svæðið“: yfirráðasvæði aðildarríkja sem beita Schengen-gerðunum að fullu.

I. Skráning á skip sem liggur við landfestar í eða sem von er á til Schengen-hafnar.

a) Koma inn á Schengen-svæðið um flughöfn í öðru aðildarríki sem beitir Schengen-gerðunum að fullu:
   - Skipafélag eða umboðsmaður skips skal tilkynna lögbærum yfirvöldum Schengen-hafnar, þar sem skip liggur við landfestar eða þar sem skip er væntanlegt til hafnar, um væntanlega komu sjómanna sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun, um Schengen-flughöfn. Skipafélagið eða umboðsmaðurinn skal skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu vegna þessara sjómanna.
   - Áðurnefnd, lögbær yfirvöld skulu sannprófa eins fljótt og hægt er hvort upplýsingarnar, sem skipafélagið eða umboðsmaður þess lætur í té, eru réttar og kanna hvort öðrum skilyrðum um komu inn á Schengen-svæðið hefur verið fullnægt. Innan ramma þeirrar könnunar skal einnig sannprófa ferðaleiðina innan Schengen-svæðisins, t.d. með því að kanna flugmiða.

ANNEX I

Operational Instructions for Issuing Visas at the Border to Seamen in Transit who are subject to Visa Requirements

The objective of these operational instructions is to provide rules for the exchange of information between the competent authorities of the Member States applying the Schengen acquis with respect to seamen in transit subject to visa requirements. Insofar as a visa is issued at the border on the basis of the information that has been exchanged, the responsibility lies with the Member State issuing the visa.

For the purposes of these operational instructions:

"Schengen port": means a port constituting an external border of a Member State applying in full the Schengen acquis;

"Schengen airport": means an airport constituting an external border of a Member State applying in full the Schengen acquis, and

"Schengen territory": means the territory of the Member States in which the Schengen acquis is applied in full.

I. Signing on a vessel berthed or expected at a Schengen port

(a) entry into Schengen territory via an airport situated in another Member State applying in full the Schengen acquis
   - the shipping company or its agent shall inform the competent authorities at the Schengen port where the ship is berthed or expected that seamen subject to visa requirements are due to enter via a Schengen airport. The shipping company or its agent shall sign a guarantee in respect of those seamen,
   - the said competent authorities shall verify as soon as possible whether the information provided by the shipping company or its agent is correct and examine whether the other conditions for entry into the Schengen territory have been satisfied. Within the framework of that examination the travel route within the Schengen territory shall also be verified e.g. by reference to the airline tickets,

- Lögbær yfirvöld Schengen-hafnarinnar skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum Schengen-komuflughafnarinnar niðurstöður sannprófunarinnar með rétt útfylltu eyðublaði fyrir sjómenn í gegnumferð sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun (eins og fram kemur í II. viðauka), sem sent er með símbréfi, í tölvupósti eða á annan hátt, og gefa til kynna hvort heimilt sé, að meginreglu til, að gefa út vegabréfsáritun á landamærunum.
- Ef sannprófun á fyrirliggjandi gögnum er jákvæð og niðurstaða hennar er greinilega í samræmi við yfirlýsingu sjómannsins eða skilríki hans mega lögbær yfirvöld Schengen-komu- eða brottfararflughafnar gefa út Schengen-gegnumferðaráritun á landamærunum sem gildir í fimm daga að hámarki. Auk þess skulu ferðaskilríki sjómannsins, sem um getur hér að framan, stimpluð með Schengen-komu- eða brottfararstimpli í slíkum tilvikum og afhent hlutaðeigandi sjómanni.

b) Koma inn á Schengen-svæðið um landamæri á landi eða sjó í öðru aðildarríki sem beitir Schengen-gerðunum að fullu:

- Sama málsmeðferð gildir og fyrir komu um Schengen-flughöfn, að því undanskildu að senda skal tilkynningu til lögbærra yfirvalda landamærastöðvarinnar sem viðkomandi sjómaður fer um við komu inn á Schengen-svæðið.

II. Látið af störfum á skipi sem komið er til Schengen-hafnar.

a) Brottför af Schengen-svæðinu um flughöfn í öðru aðildarríki sem beitir Schengen-gerðunum að fullu:
- Skipafélagið eða umboðsmaður þess skal tilkynna lögbærum yfirvöldum áðurnefndrar Schengen-hafnar um komu sjómanna, sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun og eru við það að láta af störfum á skipi og fara út af Schengen-svæðinu um Schengen-flughöfn. Skipafélagið eða umboðsmaðurinn skal skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu vegna þessara sjómanna.
- Lögbæru yfirvöldin skulu sannprófa

- the competent authorities at the Schengen port shall inform the competent authorities at the Schengen airport of entry, by means of a duly completed form for seamen in transit who are subject to visa requirements (as set out in Annex II), sent by fax, electronic mail or other means, of the results of the verification and indicate whether a visa can in principle be issued at the border,
- where the verification of the available data is positive and the outcome clearly concurs with the seaman's declaration or documents, the competent authorities at the Schengen airport of entry or exit can issue a transit visa at the border with a maximum validity of five days. Furthermore, in such cases the seaman's travel document referred to above shall be stamped with a Schengen entry or exit stamp and given to the seaman concerned;

(b) entry into the Schengen territory via a land or sea border situated in another Member State applying in full the Schengen acquis
- the procedure is the same as that for entry via a Schengen airport except that the competent authorities at the border post via which the seaman concerned enters the Schengen territory shall be informed.

II. Leaving service from a vessel that has entered a Schengen port

(a) exit from the Schengen territory via an airport situated in another Member State applying in full the Schengen acquis
- the shipping company or its agent shall inform the competent authorities at the said Schengen port of the entry of seamen subject to visa requirements who are due to leave their service and exit from the Schengen territory via a Schengen airport. The shipping company or its agent shall sign a guarantee in respect of those seamen,
- the competent authorities shall verify

eins fljótt og hægt er hvort upplýsingarnar, sem skipafélagið eða umboðsmaður þess lætur í té, eru réttar og kanna hvort öðrum komuskilyrðum inn á Schengen-svæðið hefur verið fullnægt. Innan ramma þeirrar könnunar skal einnig sannprófa ferðaleiðina innan Schengen-svæðisins, t.d. með því að kanna flugmiða.

- Ef sannprófun á fyrirliggjandi gögnum er jákvæð mega lögbær yfirvöld gefa út vegabréfsáritun til gegnumferðar sem gildir í fimm daga að hámarki.

b) Brottför af Schengen-svæðinu yfir landamæri á landi eða sjó í öðru aðildarríki sem beitir Schengen-gerðunum að fullu:
- Sama málsmeðferð gildir og fyrir brottför um Schengen-flughöfn.

III. Tilfærsla af skipi, sem kom til Schengen-hafnar, yfir á skip sem sigla mun frá höfn í öðru aðildarríki sem beitir Schengen-gerðunum að fullu.

- Skipafélagið eða umboðsmaður þess skal tilkynna lögbærum yfirvöldum áðurnefndrar Schengen-hafnar um komu sjómanna sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun og eru við það að láta af störfum á skipi og fara út af Schengen-svæðinu um aðra Schengen-höfn. Skipafélagið eða umboðsmaðurinn skal skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu vegna þessara sjómanna.
- Lögbæru yfirvöldin skulu sannprófa eins fljótt og hægt er hvort upplýsingarnar, sem skipafélagið eða umboðsmaður þess lætur í té, eru réttar og kanna hvort öðrum komuskilyrðum inn á Schengen-svæðið hefur verið fullnægt. Við könnunina verður haft samband við lögbær yfirvöld Schengen-hafnarinnar þaðan sem sjómennirnir munu fara brott af Schengen-svæðinu með skipi. Könnun verður gerð á því hvort skipið, sem þeir munu fara með, liggi þar við landfestar eða sé væntanlegt. Innan ramma þessarar könnunar skal einnig sannprófa ferðaleiðina innan Schengen-svæðisins.
- Ef sannprófun á fyrirliggjandi gögnum er jákvæð mega lögbær yfirvöld

as soon as possible whether the information provided by the shipping company or its agent is correct and examine whether the other conditions for entry into the Schengen territory have been satisfied. Within the framework of that examination the travel route within the Schengen territory shall also be verified e.g. by reference to the airline tickets,
- where the verification of the available data is positive, the competent authorities may issue a transit visa with a maximum validity of five days;

(b) exit fromthe Schengen territory via a land or sea border situated in another Member State applying in full the Schengen acquis
- the procedure is the same as that for exit via a Schengen airport.

III. Transferring from a vessel that entered a Schengen port to a vessel that will sail from a port situated in another Member State applying in full the Schengen *acquis*

- the shipping company or its agent shall inform the competent authorities at the said Schengen port of the entry of seamen subject to visa requirements who are due to leave their service and exit from the Schengen territory via another Schengen port. The shipping company or its agent shall sign a guarantee in respect of those seamen,
- the competent authorities shall verify as soon as possible whether the information provided by the shipping company or its agent is correct and examine whether the other conditions for entry into the Schengen territory have been satisfied. The competent authorities at the Schengen port from which the seamen will leave the Schengen territory by ship shall be contacted for the examination. A check shall be carried out to establish whether the ship they are joining is berthed or expected there. Within the framework of that examination the travel route within the Schengen territory shall also be verified,
- where the verification of the available data is positive, the competent author-

gefa út vegabréfsáritun til gegnumferðar sem gildir í fimm daga að hámarki.

IV. Útgáfa vegabréfsáritana fyrir hópa á landamærum til handa sjómönnum í gegnumferð.

- Sjómenn með sama ríkisfang, sem ferðast saman í fimm til fimmtíu manna hópi, geta fengið útgefna vegabréfsáritun fyrir hóp til gegnumferðar á landamærum, sem skal fest við laust blað.
- Á lausa blaðinu skulu vera, í númeraröð, persónuupplýsingar um alla sjómennina sem vegabréfsáritunin tekur til (kenninafn og eiginnafn, fæðingardagur, ríkisfang og númer ferðaskilríkja). Upplýsingar um fyrsta og síðasta sjómanninn skulu koma fram tvisvar til að forðast falsanir og viðbætur.
- Við útgáfu þessarar vegabréfsáritunar skal fylgja málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í þessum verklagsreglum fyrir útgáfu vegabréfsáritana fyrir einstaklinga til handa sjómönnum.

ities may issue a transit visa with a maximum validity of five days.

IV. Issue of group visas to seamen in transit at the border

- seamen who are of the same nationality and are travelling in a group of between five and fifty individuals may be issued at the border with a group transit visa, which shall be affixed to a separate sheet,
- this separate sheet shall include, numbered in sequence, the personal data of all the seamen (surname and forename, date of birth, nationality and travel document number) covered by the visa. The data on the first and last seaman shall appear in duplicate to avoid falsifications and additions,
- for the issue of this visa, the procedures laid down in these operational instructions for the issue of individual visas to seamen shall be followed.

II. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ

FYRIR SJÓMENN Í GEGNUMFERÐ, SEM FALLA UNDIR KVÖÐ UM VEGABRÉFSÁRITUN

TIL OPINBERRA NOTA

ÚTGEFANDI:	VIÐTAKANDI:
	YFIRVALD:
(STIMPILL)	
KENNINAFN/KENNI OPINBERS STARFSMANNS:	

UPPLÝSINGAR UM SJÓMANNINN:

EINSTAKLINGUR ☐ FARARSTJÓRI ☐ LOKAÐUR HÓPUR ☐

(sjá meðfylgjandi skrá að því er varðar nánari deili)

KENNINAFN/-NÖFN:	1A	EIGINNAFN/-NÖFN:	1B
RÍKISFANG:	1C	STAÐA:	1D
FÆÐINGARSTAÐUR:	2A	FÆÐINGARDAGUR OG -ÁR:	2B
VEGABRÉFSNÚMER:	3A	NR. SÉRSTAKRA FERÐASKILRÍKJA SJÓMANNSINS:	4A
ÚTGÁFUDAGUR:	3B	ÚTGÁFUDAGUR:	4B
GILDISTÍMI:	3C	GILDISTÍMI:	4C

UPPLÝSINGAR UM SKIPIÐ OG UMBOÐSMANN SKIPAFÉLAGSINS:

NAFN UMBOÐSMANNS SKIPAFÉLAGSINS:			5
HEITI SKIPS:	6A	FÁNI:	6B
KOMUDAGUR:	7A	UPPRUNASTAÐUR SKIPS:	7B
BROTTFARARDAGUR:	8A	ÁKVÖRÐUNARSTAÐUR SKIPS:	8B

UPPLÝSINGAR UM FERÐIR SJÓMANNSINS:

LOKAÁKVÖRÐUNARSTAÐUR SJÓMANNSINS: 9

ÁSTÆÐUR FYRIR UMSÓKN:

SKRÁNING Á SKIP ☐	TILFÆRSLA MILLI SKIPA ☐		LÁTIÐ AF STÖRFUM ☐	10
FARARTÆKI	BIFREIÐ ☐	LEST ☐	FLUGVÉL ☐	11
DAGSETNING:	KOMU:	GEGNUMFERÐAR:	BROTTFARAR:	12
	BIFREIÐ (*) ☐	LEST (*) ☐		
	SKRÁNINGARNÚMER:	FERÐALEIÐ:		
UPPLÝSINGAR UM FLUG	DAGSETNING:	TÍMI:	FLUGNÚMER:	

Formleg yfirlýsing, undirrituð af ***umboðsmanni skipafélagsins eða*** eiganda skipsins sem staðfestir ábyrgð hans meðan á dvöl sjómannsins stendur og að hann beri kostnað af heimsendingu hans ef til kemur. 13

(*) Einungis fyllt út ef upplýsingar liggja fyrir.

ANNEX II

FORM

FOR SEAMEN IN TRANSIT WHO ARE SUBJECT TO VISA REQUIREMENTS

FOR OFFICIAL USE

ISSUER: (STAMP) SURNAME/CODE OF OFFICIAL:	RECIPIENT: AUTORITY:

DATA ON SEAMAN:
INDIVIDUAL ☐
CLOSED GROUP ☐
GROUP LEADER ☐
(see attached register for identification)

SURNAME(S):	1A	FORNAMES(S):	1B
NATIONALITY:	1C	RANK/GRADE:	1D
PLACE OF BIRTH:	2A	DATE OF BIRTH:	2B
PASSPORT NUMBER:	3A	SEAMAN´S BOOK NUMBER:	4A
DATE OF ISSUE:	3B	DATE OF ISSUE:	4B
PERIOD OF VALIDITY:	3C	PERIOD OF VALIDITY:	4C

DATA ON VESSEL AND SHIPPING AGENT:

NAME OF SHIPPING AGENT:			5
NAME OF VESSEL:	6A	FLAG:	6B
DATE OF ARRIVAL:	7A	ORIGIN OF VESSEL:	7B
DATE OF DEPARTURE:	8A	DESTINATION OF VESSEL:	8B

DATA ON MOVEMENT OF SEAMEN:

FINAL DESTINATION OF SEAMAN: 9

REASONS FOR APPLICATION:

SIGNING ON ☐ TRANSFER ☐ LEAVING SERVICE ☐ 10

MEANS OF TRANSPORT CAR ☐ TRAIN ☐ AEROPLANE ☐ 11

DATE OF:	ARRIVAL:	TRANSIT:	DEPARTURE:	12
	CAR (*) ☐	TRAIN (*) ☐		
	REGISTRATION No:	JOURNEY ROUTE:		
FLIGHT INFORMATION	DATE:	TIME:	FLIGHT NUMBER:	

Formal declaration signed by the ***shipping agent or the*** shipowner confirming his responsibility for the stay and, if necessary, for repatriation costs of the seaman. 13

(*) To be completed only if data available.

Nánari lýsing á eyðublaðinu.

Fyrstu fjórir liðirnir segja deili á sjómanninum.

1. A. Kenninafn/-nöfn[15].
   B. Eiginnafn/-nöfn.
   C. Ríkisfang.
   D. Staða.
2. A. Fæðingarstaður.
   B. Fæðingardagur og -ár.
3. A. Vegabréfsnúmer.
   B. Útgáfudagur.
   C. Gildistími.
4. A. Númer sérstakra ferðaskilríkja sjómannsins.
   B. Útgáfudagur.
   C. Gildistími.

   Til glöggvunar hafa 3. og 4. liður verið aðskildir því það fer eftir ríkisfangi sjómannsins og hvaða aðildarríki er skráð þar hvort vegabréf eða sérstök ferðaskilríki sjómanna eru notuð til að staðfesta deili á viðkomandi.

   Næstu fjórir liðar eiga við um umboðsmann skipafélagsins og skipið sem um er að ræða.
5. Nafn umboðsmanns skipafélagsins (sá einstaklingur eða sá lögaðili á hverjum stað sem er fulltrúi eiganda skipsins í öllu því er lýtur að skyldum eigandans).
6. A. Heiti skipsins.
   B. Fáni (sem kaupskipið siglir undir).
7. A. Komudagur skips.
   B. Upprunastaður (höfn) skipsins.

   Stafurinn „A“ vísar til þess hvaða dag skipið kemur til hafnarinnar þar sem sjómaður á að skrá sig á það.
8. A. Brottfarardagur skips.
   B. Ákvörðunarstaður skips (næsta höfn).

   Liðir 7A og 8A gefa vísbendingar um það hversu lengi sjómaður þarf að ferðast þangað sem hann skráir sig á skip. Hafa ber í huga að leiðin, sem farin er, er mjög háð óvæntum truflunum og utanaðkomandi þáttum svo sem óveðri, bilunum o.s.frv.

   Næstu fjórir liðir skýra ástæður fyrir ferð sjómannsins og ákvörðunarstað hans.
9. Með „lokaákvörðunarstað“ er átt við lok ferðar sjómannsins. Það getur annaðhvort verið höfn, þar sem hann á að skrá sig á skip, eða landið sem hann er á leið til ef hann er að láta af störfum á skipi.
10. Ástæður fyrir umsókn.
    a) Ef um er að ræða skráningu á skip er loka-

[15] Gefa skal upp kenninafn/-nöfn sem koma fram í vegabréfi.

Detailed Description of Form

The first four points deal with the identity of the seaman.

1. A. Surname(s)[15]
   B. Forename(s)
   C. Nationality
   D. Rank/Grade.
2. A. Place of birth
   B. Date of birth.
3. A. Passport number
   B Date of issue
   C. Period of validity.
4. A. Seaman's book number
   B. Date of issue
   C. Period of validity.

   Points 3 and 4 have been shown separately for clarity since, depending on the nationality of the seaman and the Member State being entered, a passport or a seaman's book can be used for identification purposes.

   The next four points deal with the shipping agent and the vessel concerned.
5. Name of shipping agent (the individual or corporation who represents the shipowner on the spot in all matters Relating to the shipowner's duties in fitting out the vessel).
6. A. Name of vessel
   B. Flag (under which the merchant vessel is sailing).
7. A. Date of arrival of vessel
   B. Origin (port) of vessel

   Letter "A" refers to the vessel's date of arrival in the port where the seaman is to sign on.
8. A. Date of departure of vessel
   B. Destination of vessel (next port).

   Points 7A and 8A give indications regarding the length of time for which the seaman may travel in order to sign on. It should be remembered that the route followed is very much subject to unexpected interferences and external factors such as storms, breakdowns, etc.

   The next four points clarify the reason for the seaman's journey and his destination.
9. The "final destination" is the end of the seaman's journey. This may be either the port at which he is to sign on or the country to which he is heading if he is leaving service.
10. Reasons for application
    (a) In the case of signing on, the final desti-

[15] Please give the surname(s) that appear in the passport.

ákvörðunarstaður höfnin þar sem sjómaðurinn á að skrá sig,

b) Ef um er að ræða tilfærslu yfir á annað skip innan Schengen-svæðisins er einnig um að ræða höfnina þar sem sjómaðurinn á að skrá sig. Líta ber svo á að sjómaður láti af störfum þegar hann færir sig yfir á skip sem staðsett er utan Schengen-svæðisins.

c) Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að láta af störfum, s.s. lok starfssamnings, vinnuslys, áríðandi fjölskylduaðstæður o.s.frv.

11. Farartæki.
Skrá yfir farartæki sem sjómaður, sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun, notar í gegnumferð um Schengen-svæðið til að komast á lokaákvörðunarstað sinn. Á eyðublaðinu er gert ráð fyrir eftirtöldum þremur möguleikum:
a) bifreið (eða langferðabifreið),
b) lest,
c) flugvél.

12. Dagsetning komu (inn á Schengen-svæðið).
Á fyrst og fremst við þegar sjómaður kemur til fyrstu Schengen-flughafnar eða -landamærastöðvar (þarf ekki alltaf að vera flughöfn) á ytri landamærum Schengen-svæðisins þaðan sem hann óskar að koma inn á Schengen-svæðið.
Dagsetning gegnumferðar.
Átt er við þann dag þegar sjómaður skráir sig af skipi í höfn á Schengen-svæðinu og heldur til annarrar hafnar sem einnig er á Schengen-svæðinu.
Dagsetning brottfarar.
Átt er við þann dag þegar sjómaður skráir sig af skipi í höfn á Schengen-svæðinu til að færa sig yfir á annað skip í höfn utan Schengen-svæðisins eða þann dag þegar sjómaður skráir sig af skipi í höfn á Schengen-svæðinu til að snúa aftur til síns heima (utan Schengen-svæðisins).
Auk upplýsinga um hvernig farartæki er notað skal einnig veita tiltækar upplýsingar um eftirfarandi:
a) bifreið, langferðabifreið: skráningarnúmer,
b) lest: heiti, númer o.s.frv.,
c) upplýsingar um flug: dagsetningu, tíma, flugnúmer.

13. Formleg yfirlýsing, undirrituð af umboðsmanni skipafélagsins eða eiganda skipsins sem staðfestir ábyrgð hans meðan á dvöl sjómannsins stendur og á að hann beri kostnað af heimsendingu hans ef til kemur.
Ef sjómenn ferðast í hópi þarf hver og einn að fylla út liði 1A til 4C.

nation is the port at which the seaman is to sign on.

(b) In the case of transfer to another vessel within the Schengen territory, it is also the port at which the seaman is to sign on. Transfer to a vessel situated outside the Schengen territory must be regarded as leaving service.

(c) In the case of leaving service, this can occur for various reasons, such as end of contract, accident at work, urgent family reasons, etc.

11. Means of transport
List of means used within the Schengen territory by the seaman in transit who is subject to a visa requirement to reach his final destination. On the form, the following three possibilities are envisaged:
(a) car (or coach);
(b) train;
(c) aeroplane.

12. Date of arrival (on the Schengen territory)
Applies primarily to a seaman at the first Schengen airport or border-crossing point (since it may not always be an airport) at the external border via which he wishes to enter the Schengen territory.
Date of transit
This is the date on which the seaman signs off at a port in the Schengen territory and heads towards another port also situated in the Schengen territory.
Date of departure
This is the date on which the seaman signs off at a port in the Schengen territory to transfer to another vessel at a port situated outside the Schengen territory or the date on which the seaman signs off at a port in the Schengen territory to return to his home (outside the Schengen territory).
After determining the three means of travel, available information should also be provided concerning those means:
(a) car, coach: registration;
(b) train: name, number, etc.;
(c) flight data: date, time, number.

13. Formal declaration signed by the shipping agent or the shipowner confirming his responsibility for the stay and, if necessary, for the repatriation costs of the seaman.

If the seamen are travelling in a group, each one has to fill in the data for points 1A to 4C.